

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, . . . kr. 809,00

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

11. gr.

Peir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58/29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 625, 27. desember 1989.

Löndarráðuneytið, 8. febrúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um flugrekstur nr. 381/1989
sbr. nr. 580/1989 og 279/1990.**

1. gr.

Grein 2.2 orðist svo:

2.2 Umsóknir og leyfisveitingar.

2.2.1 Samgönguráðuneytið veitir leyfi til atvinnuflugs. Nefnist það flugrekstrarleyfi. Flugmálastjórn/loftferðaefirlit gefur út viðbæti við flugrekstrarleyfið. Telst viðbæturinn hluti flugrekstrarleyfisins og flugreksturinn nánar skilgreindur í honum og þeirra loftfara getið sem nota má við starfsemina.

2.2.2 Þeir, sem hyggjast sækja um leyfi til flugrekstrar, endurnýjunar eða breytingar á eldra leyfi, skulu senda flugmálastjórn umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum. Fram skulu koma allar þær upplýsingar sem um er beðið á umsóknareyðublaðinu. Sérstaklega skal veita nákvæmar upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- a) Nafn umsækjanda eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu og síma,
- b) Þjóðerni umsækjanda, viðskiptabanka og/eða fjármögnunaraðilja. Ef um félag er að ræða, félagsform og innlent eignarhlutfall, hlutafé og þar af innborgað hlutafé, og hver sé stjórnarformaður. Einnig komi fram hvort umsækjandi hefur annan atvinnu- eða fjármagnsrekstur með höndum,
- c) skipulag og stjórn fyrirhugaðrar flugstarfsemi þar sem fram koma nöfn framkvæmdastjóra flugdeildar, flugrekstrarstjóra og tæknistjóra,

- d) fyrirhugaðan flugrekstur og flugáætlanir, ásamt fyrirhuguðum fjölda loftfara og tegund þeirra. Sanna ber umráðarétt yfir loftförunum ef umsækjandi er eigi skráður eigandi þeirra,
- e) hvar aðalskrifstofur flugrekanda eru eða verða, svo og aðsetur fyrir yfirstjórn, flugrekstur og viðhald,
- f) hversu mikið fjármagn er handbært til flugrekstrarins ásamt gagngerum upplýsingum og útreikningum um rekstrargrundvöll, bæði með flutningsáætlunum og fjárhagsáætlunum, til næstu tveggja ára. Þar af skal eigið fé nægja til að standa straum af kostnaði vegna undirbúnings fyrirhugaðs flugrekstrar að viðbættum meðalkostnaði við þriggja mánaða rekstur sömu tveggja ára og skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi upplýsingar því til staðfestingar.

Heimilt er að veita flugrekendum, er starfað hafa sem slíkir undanfarin 5 ár, aðlögunartíma til að uppfylla ákvæði f) liðar um eigið fé. Slíkur aðlögunartími skal eigi veittur lengur en til og með 31. desember 1993. Hyggist flugrekandi nýta sér aðlögunartíma skal hann gera flugmálastjórn grein fyrir með hvaða hætti kröfur um eigið fé verði uppfylltar.

2. gr.

Við gr. 7 bætist ný mgr. 7.4 sem orðist svo:

7.4 Fjarskipta- og leiðsögutæki flugvéla.

Gerð, ísetning og frágangur fjarskipta- og leiðsögutækja, sem notuð eru í íslenskum flugvélum, skulu hafa hlotið samþykki flugmálastjórnar/loftferðaeftirlits. Þetta á einnig við um fjarskipta- og leiðsögutæki, sem ekki eru hluti af föstum búnaði flugvélarinnar. Póst- og símamálastofnun hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptatækja í íslenskum flugvélum.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1991.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. mars 1991 að telja um 2,5% frá því sem þær voru í febrúar 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. febrúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.